

Leiðbeiningar um skráningu ICD-10 sjúkdómsgreininga hjá nýburum



Ný gagnalind fyrir fæðingaskrá

Í lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 er gert ráð fyrir að landlæknir haldi skrá yfir allar fæðingar. Fæðingaskrá hefur þann tilgang að afla þekkingar um fæðingar og nýbura, hafa eftirlit með fæðingarþjónustu, tryggja gæði hennar og meta árangur. Heimilt er að nota upplýsingar úr skránni við gerð áætlana um gæðapróun í fæðingarþjónustu og til vísindarannsókna.

Fæðingaskrá hefur hingað til byggt á fæðingartilkyningu sem innihaldið hefur allar helstu lýðfræðilegu upplýsingar um foreldra, fæðingarstað og fæðingamáta, auk upplýsinga um framvindu fæðingar, inngríp og sjúkdómsgreiningar móður og barns.

Með tilkomu rafrænnar mæðra- og fæðingaskráningar verður hin hefðbundna fæðingartilkyning afnumin. Í stað upplýsinga af fæðingartilkyningu mun fæðingaskrá því byggja á viðeigandi upplýsingum úr sjúkraskrárkerfum, nánar tiltekið rafrænni mæðra- og fæðingaskráningu og sjúkraskrá barns, sem berast embætti landlæknis nú þegar rafrænt frá öllum heilbrigðisstofnunum. Til að gögn um fæðingar séu fullnægjandi fyrir fæðingaskrá þarf að gæta að því að skráning á heilbrigðisstofnunum sé samræmd og að viðeigandi sjúkdómsgreiningar séu notaðar.

Skráning sjúkdómsgreininga samkvæmt ICD-10 sjúkdómsflokkunarkerfinu (alþjóðlegri tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála)

Landlæknir gefur heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum fyrirmæli um tiltekna lágmarksskráningu upplýsinga þegar einstaklingar leita heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt fyrirmælunum skal skrá sjúkdómsgreiningar í samræmi við gildandi útgáfu ICD-10 flokkunarkerfisins.

Við fæðingu barns stofnast sjálfkrafa lega í Sögu sjúkraskrárkerfi þegar barnið fær kennitölu. Á fæðingarstað skal að lágmarki skrá ICD-10 greiningarkóða í flokki Z38 (*lifandi fædd ungbörn eftir fæðingarstað*) fyrir lifandi fædd börn. Aðra greiningarkóða skal skrá eins og við á samkvæmt ICD-10 sjúkdómsflokkunarkerfinu.

Skráning ICD-10 greininga barns er að jafnaði gerð við lækni skoðun, 5-7 dögum eftir fæðingu. Í þeirri skoðun fer fram almenn skoðun á barni auk heyrnarmælingar. Þá skulu skráðar allar viðeigandi ICD-10 greiningar, þar meðtalið þær greiningar sem fram koma á *Barnablaði*.

Í þeim tilfellum sem 5 daga skoðunin fer ekki fram á fæðingarstað barns, þ.e. barn er skoðað á annarri heilbrigðisstofnun, skulu ICD-10 greiningar barnsins skráðar á viðkomandi fæðingarstað við útskrift móður og barns eftir fæðingu.

Þurfi nýburi af einhverjum ástæðum að leggjast inn á vökudeild skulu viðeigandi ICD-10 greiningar skráðar í sjúkraskrá barnsins í síðasta lagi við útskrift af vökudeild.